



Ránargata 18
101 Reykjavík
Sími: 552 5242
Fax: 562 5242
Netfang: landvernd@landvernd.is
Veffang: www.landvernd.is

LANDVERND
Alþingi

Erindi nr. Þ 127/1327
komudagur 19.3.2002

Umhverfisnefnd Alþingis
Nefndasvið / Helga E. Þórisdóttir
150 Reykjavík

18. mars 2002


Efni: Þingsályktunartillaga um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð hálendisins norðan Vatnajökuls, 389. mál.

Vísað er í bréf Alþingis dagsett 22. febrúar 2002.

Landvernd, landgræðslu- og náttúruverndarsamtök Íslands, telja afar mikilvægt að vanda alla umfjöllun um nýtingu hálendisins norðan Vatnajökuls. Eins og fram hefur komið þá hafa samtökin komið því áliti á framfæri, að á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga sé ekki tímabært að kveða á um byggingu Kárahnjúkavirkjunar. Til fróleiks fylgir skýrsla sem Landvernd tók saman um þetta efni.

Landvernd hefur vakið athygli á og fjallað ítarlega um hugmyndir sem fram hafa komið um þjóðgarð á svæðinu. M.a. áttu samtökin frumkvæði að ráðstefnu um þetta efni í september 2000 og lögðu til við stjórnvöld að gildi svæðisins norðan Vatnajökuls fyrir náttúruvernd og þjóðgarð yrði metið. Nýlega var tekin saman greinargerð um þetta efni á vegum Verkefnisstjórnar um rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma sem hér fylgir til fróðleiks.

Landvernd tekur ekki afstöðu til hugmynda um þjóðaratkvæðagreiðslu en leggur áherslu á að allar hugmyndir um nýtingu þessa landssvæðis verði skoðaðar mjög vandlega og að um þær sé fjallað með málefnalegum hætti.

Virðingarfyllst,

Tryggvi Helixson
framkvæmdastjóri Landverndar